

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 84/2007, um opinber innkaup var lagt fram á Alþingi í haust og er nú til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd. Í frumvarpi þessu, sem einnig var lagt fram á 140. löggjafarþingi, eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um opinber innkaup sem ætlað er að fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/66/EB að því er varðar aukna skilvirkni í meðferð kærumála vegna gerðar opinberra samninga.

Tilskipunin var tekin inn í EES samningnum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 1. júlí 2011. Ákvörðunin tók gildi 1. nóvember 2012, sex mánuðum eftir að Alþingi staðfesti hana með þingsályktun (þskj. 1303 - 351. mál á 140. löggjafarþingi), og rann þá út frestur til að innleiða tilskipunina.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fékk formlega athugasemd frá ESA 30. janúar s.l. um að íslensk stjórnvöld hafi ekki fullnægt samningsskuldbindingum og innleitt tilskipunina. Jafnframt kemur fram að íslensk stjórnvöld hafi frest til 30. mars næstkomandi til að svara athugasemdum stofnunarinnar og upplýsa um stöðu innleiðingarinnar. Ef ESA telur að meint samningsbrot sé þar með ekki lengur til staðar lýkur málinu en að öðrum kosti mun ESA gefa út svokallað rökstutt álit sem getur leitt til málshöfðunar fyrir EFTA-dómstólnum, verði ekki brugðist við álitinu innan tveggja mánaða.

---

**Guðrún Ögmundsdóttir, sérfræðingur / Head of Division**  
Fjármála- og efnahagsráðuneytið / Ministry of Finance and Economic Affairs  
Fjárreiðu- og eignaskrifstofa / Financial Management Department  
Arnarhvoli, 150 Reykjavík, Iceland  
Sími (+354) 545-9200, fax (+354) 545-9299  
[www.fjr.is](http://www.fjr.is)

Vinsamlega hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður  
Please consider the environment before printing